

13 Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar
17. marz að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngmálaráðuneytið, 17. marz 1933.

Magnús Guðmundson.

Páll Pálmason.

14
17. marz

REGLUGERÐ

um meðferð og framleiðslu á gasi til iðnaðar og um búnað og meðferð hylkja fyrir þjappað loft, svo og um hreinsun og viðgerð á benzíntunnum.

I. Ákvæði fyrir smá tæki til framleiðslu á acetylgasi til notkunar í málmiðnaðarfyrirtækjum.

1. gr.

Vinnustofur þær, sem í eru tæki til gasframleiðslu, skulu hafa góða loftrás og eigi má ætla hverju tæki minna en 60 m³ loftrúm og 20 m² gólflöt.

Tækin skulu vera minnst 3 m. frá þeim stað þar sem gasið er notað. Ef fleiri en eitt tæki er í stofu, skal minnsta fjarlægð milli tækjanna vera 6 m.

2. gr.

Gæta skal þess vandlega að pípur allar séu þéttar. Þegar þéttleiki pípa er prófaður, skal það gert á þann hátt, að bera á þær sápuvatn, en ekki leita að lekastaðnum með eldi eða loga.

3. gr.

Á tæki hverju skal vera öryggisloki, er standi í sambandi við vatnshol tækisins, þannig að þegar lokinn opnar komi út um hann aðeins vatn en ekki gas.

4. gr.

Á milli vatnshols og gashols hylkisins skal vera pípa með vatnslás eða öðru öryggi, er hindri gasið í að komast í vatnsholið. Á pípu þessari skal einnig vera stífla, sem stilla megir með aðstreymi vatnsins.

Vatnshæð tækisins skal vera hægt að prófa með vatnshæðarlás og skal þess að jafnaði vandlega gætt að hæfilega mikið vatn sé á tækinu.

5. gr.

Þegar vatni eða carbíð er bætt á tækið skal þess vandlega gætt, að þrýstingurinn á tækinu sé áður fallinn niður í þrýsting andrúmsloftsins. Gæta skal þess vandlega, að enginn eldur sé í vinnustofunni þegar áfylling er framkvæmd.

6. gr.

14

17. marz

Þegar tækið er hreinsað skal það gert við dagsljós undir beru lofti og þess gætt að enginn eldur sé í nánd. Kalkleðjunni, sem tæmd er úr tækinu, skal strax skolað burt með vatni.

7. gr.

Ef tæki þarf viðgerðar við, skal það allt vandlega fyllt með vatni, svo að allt gas eða gasblanda, sem kann að vera í því, fari burt. Hreinsunina ber einnig að framkvæma á þennan hátt, þó til viðgerðarinnar þurfi ekki að nota eld, svo og ef tækið er húið undir flutning.

8. gr.

Þegar tæki er tekið til notkunar eftir áfyllingu, skal öllu lofti, sem í tækinu er og blandast gasinu í byrjun, vandlega hleypt burt undir bert loft, áður en farið er að nota gasið.

Ef tækið frýs, skal það þýtt með eimi eða heitu vatni en aldrei með heitu jární eða loga.

Þegar carbíð hefir verið fyllt á tæki tvisvar í röð, skal allt vatn tæmt af því og tækið hreinsað, áður en þriðja áfylling er framkvæmd.

9. gr.

Gasframleiðslutæki skulu að minnsta kosti skoðuð annaðhvort ár. Skulu þá hylki tækjanna ásamt öllum pípum og stíflum vandlega skoðuð, og þeir hlutar tækjanna reyndir, sem skoðunarmanni virðast á einn eða annan hátt athuga-verðir. Þó engin veila sjáist á gashylki tækis, skal það þrýstiprófað fjórða hvert ár.

Áður en nýtt tæki er tekið til notkunar, skal það tilkynnt skoðunarmanni verksmiðjueftirlitsins og má ekki taka tækið til notkunar fyr en skoðun hefir farið fram. Að aflokinni skoðun skal eigandi tækisins fá vottorð um, að skoðun hafi farið fram.

Ef eigandi að nýju tæki erlendu leggur fram fullnægjandi skoðunarvottorð frá viðurkenndri prófstöð, má taka tækið til notkunar áður en ný skoðun hefir farið fram.

II. Ákvæði um búnað og meðferð gashylkja og súrefnishylkja.

10. gr.

Áður en súrefnishylki eða gashylki, sem notast á í verksmiðju, verkstæði eða vinnustöð, sem lögin um eftirlit með verksmiðjum og vélum ná yfir, eru tekin til notkunar, skulu þau þrýstireynd, með þrýstingi, sem er $1\frac{1}{2}$ sinnum stærri en hleðsluþrýstingurinn, sem aldrei má vera meiri en 200 kg/cm^2 við $17,5^\circ \text{ C}$.

Þrýstiraunir skulu framkvæmdar af þekktri prófstöð.

14

17. marz

11. gr.

Hafi engir gallar komið í ljós við þrýstiraunina, skal prófstöð gefa út vottorð um niðurstöðu þrýstiraunarinnar og setja merki sitt á stút hylkisins og merkja þar einnig raunþrýsting og dagsetningu þrýstiraunarinnar.

12. gr.

Þegar 5 ár eru liðin frá þrýstiraun, skal hún endurtekin, og skal þá skrifa nýtt vottorð og merkja stút hylkisins samkv. 11. gr. Þó þarf ekki að stimpla raunþrýstinginn, sé hann óbreyttur.

Eftirlitsmenn geta krafist þrýstiraunar á hylki, ef ástæða er til að halda það ekki svo traust, sem skyldi.

13. gr.

Hylki skulu vera saumalaus og efni þeirra annaðhvort smíðajárn eða stál. Þykkt hylkjanna skal vera svo mikil, að mesti áverki við þrýstiraunina nemi ekki meiru en $\frac{1}{5}$ af brotþoli á veikasta svæði hylkisins. Hylki, sem ekki eru meira en 210 mm. að innanmáli og mest 2 metrar að lengd, þurfa þó ekki að vera svo traust. Þó skal þykkt nýrra hylkja vera það mikil, að veikasta svæði þeirra mæti ekki meiri áverka en 30 kg/cm.² við þrýstiraunina. Efnisstyrkleiki skal reyndur á ræmum sama efnis og hylkið er smíðað úr. Efni sem hefir hærra togmark en 45 kg/cm.², eða við slitraun á 100 mm. lengd, lengist minna en 12 mm. má ekki nota. Þykkt hylkjanna má ekki vera minni en 3 mm.

14. gr.

Hylki skulu á vel sjáanlegum stað merkt með verksmiðjunúmeri, alþjóðatákni þess efnis, sem í því skal vera og hæsta leyfilegum hleðsluþrýstingi í kg/cm.²

15. gr.

Yfir lokum hylkisins skal vera vönduð hetta, sem er vel fest og ver þá gegn höggum við flutning hylkjanna.

III. Ákvæði um búnað og meðferð hylkja fyrir þjappað loft.

16. gr.

Hylkin skulu smíðuð eftir þeim reglum, sem gilda um smíði eimkatla, þó með eftirfarandi tilslökunum:

Efni skal vera sömu gæða og eimkatla, en sauma er leyfilegt að logsjóða eða rafsjóða, þó aðeins þá sauma, sem mæta beinu togi eða þrýstingi.

17. gr.

Hylki skulu hafa:

- Merkiplötu, er sýni uppruna hylkisins, smíðastað, smíðaár og hæsta leyfilegan vinnuþrýsting.
- Öryggisloka, sem er minnst 9 mm. að þvermáli og opnar, þegar hæsta leyfilegum vinnuþrýstingi er náð. Þegar sama þrýstileiðsla liggur til margra

- hylkja, má hafa einn öryggisloka fyrir öll hylki, sem eru á þrýstileiðslunni. **14**
- c. Góðan þrýstimæli. **17. marz**
- d. Lás eða loku neðst á hylkinu, til þess að hleypa vatni úr því.
- e. Mannsmugu, ef þvermál hylkisins er meira en 750 mm., og sé hún ekki minni en 300×400 mm. Sé þvermál hylkisins ekki yfir 1000 mm. skal manns mugan vera á öðrum hvorum botni hylkisins.

18. gr.

Sérhvert hylki skal áður en það er tekið til notkunar, nýtt eða eftir aðalviðgerð, vera þrýstireynt og skal raunþrýstingurinn vera $1\frac{1}{2}$ sinnum vinnuþrýstingurinn. Hylkið skal standast þrýstiraunina án þes að vera óþétt, eða breyta lögun.

Aðalskoðun hylkja skal framkvæmd fjórða hvert ár og skal hylkið þá þrýstireynt, ef eftirlitsmaður álitur þess þörf. Á hylkið skal merkja vinnuþrýsting og raunþrýsting, svo og dagsetningu þrýstiraunarinnar. Hafi engir gallar komið í ljós við þrýstiraunina, skal eftirlitsmaður gefa út vottorð um niðurstöðu þrýstiraunarinnar. Aukaskoðun skal framkvæmd eigi sjaldnar en annað hvort ár.

19. gr.

Hylki, sem stærri eru að þvermáli en 750 mm., skulu að minnsta kosti annað hvort ár skoðuð utan og innan.

20. gr.

Komi í ljós eyðing, rifur eða aðrar veilur við þrýstiraun eða skoðun, má ekki nota hylkið fyrr en eftirlitsmaður leyfir það, að lokinni viðgerð og raun.

21. gr.

Vatni sem safnast í hylkin, skal að jafnaði hleypt úr þeim um lás þann, sem um getur í 17. gr. Öryggislokum skal halda hreinum, svo að þeir setjist ekki fastir. Varast skal að olía komist í hylkin, en verði ekki hjá því komizt, skulu þau vandlega skoluð í sterku sóðavatni að minnsta kosti tvisvar á ári.

22. gr.

Ákvæði 16. gr. og 17. gr. taka ekki til hylkja, sem til eru hér á landi, þegar reglugerð þessi gengur í gildi.

23. gr.

Ræsilofthylki og neyzlulofthylki hreifla eru háð ákvæðum reglugerðar þessarar.

Þegar þjappað afgang er notað til að ræsa með, skal þess vandlega gætt, að ekki sé dælt afgasi í hylki, sem í er áður óbrennt þjappað loft.

24. gr.

Undanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar eru:

- a. Hylki, sem vinna með ekki meiri þrýstingi en 2 kg/cm^2
- b. Hylki, sem ekki eru að stærð yfir 100 dm^3

- 14** c. Hylki, sem ekki eru stærri og ekki vinna með meiri þrýstingi en það, að
17. marz framkv. þrýstings í kg/cm.² og rúmtaks mælt í dm³ fari ekki fram úr 2000.

IV. Ákvæði um hreinsun og viðgerð á benzintunnum.

25. gr.

Oliuverzlanir og aðrir, sem þurfa að láta framkvæma viðgerð eða hreinsun á benzintunnum, skulu tilkynna eftirlitinu, hverjum þeir fela verk þetta.

26. gr.

Þeir einir hafa leyfi til að framkvæma viðgerðir á benzintunnum, er tæki hafa til þes að hreinsa þær með, áður en viðgerð byrjar.

27. gr.

Hreinsunin skal framkvæmd með eimi, sem hefir 7 til 8 kg/cm.³ þrýsting. Þegar tunna er hreinsuð, skal hún lätin liggja þannig, að sponsgatið á belg hennar snúi niður, eimur skal síðan leiddur í tunnuna í gegnum gatið á botni hennar. Eiminum skal blásið með fullum þrýsting í tunnuna í 3 til 4 mínútur.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 54, 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngmálaráðuneytið, 17. marz 1933.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

15

18. marz

REGLUGERÐ

um breyting á viðauka við reglugerð um hafnargjöld í Reykjavík frá

26. febrúar 1932.

1. gr. viðaukans orðist þannig:

Frá 1. marz 1933 til 1. janúar 1934 skal veita öllum fiskiskipum, sem skrásett eru í Reykjavík eða gerð út þaðan, 50% afslátt á öllum lestagjöldum, vita- og sæmerkjagjöldum, bryggjugjöldum og hafnsögugjöldum til Reykjavíkurhafnar.

Á sama tímabili skal veita 50% afslátt af vörugjaldi af útfluttum þurrum saltfiski.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt staðfestist hér með til þess að öðlast gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 18. marz 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.